

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/1307**  
**komudagur 25.3.2014**



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 25.03.2014  
Tilv. 2014/0067 - 0.0.01  
HS

**Efni: Viðbótarathugasemd við 213. mál. Gjaldtökuákvæði andstæð stjórnarskrá.**

Neytendastofa vill í framhaldi af bréfi, dagsett 17. mars 2014, benda allsherjar- og menntamálanefnd á að eftir breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 árið 1995, sbr. lög nr. 97/1995, hafnaði Alþingi því að lögfesta sambærilegt ákvæði og nú er að finna í 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Um er að ræða eftirfarandi ákvæði í 27. gr. frumvarps til laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Ákvæðið var fellt brott af því að það þótti „of víðtækt framsal á skattlagningarvaldi til ráðherra“. Um gjaldtökuna sagði í 27. gr.:

*„Heimilt er að leggja sérstakt markaðsgæslugjald á framleiðendur og fulltrúa framleiðanda til að standa straum af greiðslum til skoðunarstofa, kostnaði samvinnunefnda og kostnaði Löggildingarstofunnar vegna almenns vöruöryggis. Gjaldið skal miðast við umfang eftirlits, fjölda vöruflokka og vöruinntaka og stöðu vöru í framleiðslu- og dreifingarkeðju, svo og áhættumat. Gjald þetta skal þó aldrei verða hærra en sem nemur 0,1% af framleiðsluverði innlendra vöru og 0,1% af cif-verði innfluttrar vöru.*

*Heimilt er að ákveða gjöld skv. 1. mgr. þessarar greinar, svo og gjöld fyrir einstaka þætti í skoðun vöru, með sérstakri gjaldskrá, sem staðfest er af ráðherra. Í gjaldskrá skal kveðið nánar á um innheimtu gjaldsins.“*

Benda má á að nær samtímis þá fór í gegn samskonar ákvæði í gegnum aðra nefnd Alþingis, þ.e. 14. gr. laga nr. 146/1996 um raffangagjald. Framangreint ákvæði, 27. gr., var fellt út af Alþingi með eftirfarandi athugasemd í nefndaráli efnahags- og viðskiptanefndar:

*„9. Loks leggur nefndin til að gjaldtökuákvæði 27. gr. verði fellt brott þar sem hætta sé á því að það feli í sér of víðtækt framsal á skattlagningarvaldi til framkvæmdarvaldsins.“*

Niðurstaðan varð sú að ekkert gjald var lagt á fyrir eftirlit með lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og óskaði Neytendastofa eftir því að ráðuneytið myndi semja frumvarp og setja inn þá tollflokka sem áttu að ná yfir gjaldskyldar vörur. Var slíkt frumvarp tilbúið vorið 1996 en þá komu fulltrúar verslunar og viðskiptaráðs til ráðherra og var það stöðvað. Niðurstaðan er því sú enn í dag að ekki er neinn afmarkaður tekjustofn fyrir lög nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Þetta breytir því þó ekki að ofangreint fordæmi sem hér er vitnað til hjá Alþingi hlýtur enn að eiga við í dag.

Með vísan til ofangreinds telur Neytendastofa því mikilvægt að allsherjar- og menntamálanefnd endurskoði og breyti einnig ákvæði fyrirnefndrar 14. gr. laga nr. 146/1996

að þessu leyti auk annarra ákvæða greinarinnar sem óljós eru varðandi það með hvaða hætti skuli ákvarða gjaldstofn rafveitueftirlitsgjalds.

Virðingarfyllt  
f.h. Neytendastofu

*Helga Sigmundsdóttir*  
Helga Sigmundsdóttir  
Lögfræðingur

*Helga S. Sigurðardóttir*  
Helga Sigurðardóttir  
fjármálastjóri